

**Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um að skerpa á verkefnavali í stafrænni þjónustu**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja vinnu við endurskoðun á verkefnavali í stafrænni þjónustu með góða nýtingu fjármuna og grunnþjónustu í fyrirrúmi. Stafrænu ráði er falið að uppfæra samþykktir og verklag ráðsins.

**Greinargerð**

Mikilvægt er að endurskoða verkefnaval í stafrænni þjónustu með sparnað og þarfir íbúa í fyrirrúmi. Með endurskipulagningu og styrkingu á samþættingu upplýsingamála og aukinni þjónustu við fagsvið og deildir má búast við aukinni skilvirkni og hagræðingu.